

# GÆÐAFRÉTTIR

## Mannvirkjagreinar

### Efnisinnihald

- Þrjú myndbönd um framleiðni.
- Litagleði með D–vottun.
- Samningur iðnmeistara og byggingarstjóra.
- Nytsamt tölvunámskeið

*“Þessu fréttabréfi er ætlað að minna félagsmenn Samtaka iðnaðarins og meistarafélaganna á aðstoð Samtakanna varðandi gæðastjórnun og rekstur”*

*-Ferdinand Hansen*

## Litagleði með D– vottun

Málningarfyrirtækið Litagleði ehf hefur um árabil tileinkað sér vinnubrögð sem byggja á aðferðafræði gæðastjórnunar. Að sögn Kristjáns Aðalsteinssonar málarameistara og framkvæmdastjóra Litagleði hefur agi, undirbúningur og skipulag sem gæðastjórnun boðar skilað fyrirtækinu betri afkomu og veitt honum sem stjórnanda betri yfirsýn og yfirvegaðra vinnuumhverfi.

Það er auðveld og góð leið að fylgja þeim leiðbeiningum sem felast í vottunarferlinu segir Kristján og vitnar þar í bækurnar **Hvar stöndum við?** og **Hvernig gera má betur!** sem eru handbækur til leiðbeiningar fyrir þá sem vilja bæta eigin rekstur með einföldum og auðveldum hætti.

Þeir sem vilja nálgast þessar bækur geta sótt þær rafrænt með því að [smella hér](#), (*notendanafn er: verklag, lykilorð er: gsi*) eða fengið þær sendar í pósti með því að hafa samband við Ferdinand Hansen í síma 591-0127 eða með tölvupósti á netfangið [ferdinand@si.is](mailto:ferdinand@si.is)

Sjá [yfirlit yfir vottuð fyrirtæki](#) á vef SI.

## Myndbönd um framleiðni

Það er ekki gefið að góð verkefnastaða skili betri afkomu. SI hafa á síðustu misserum lagt mikla áherslu á að aukin framleiðni sé mikilvægari en aukin umsvif. Því hefur verið haldið fram að það sé auðveldara að reka fyrirtæki í hallaæri en góðæri. Hlutfallslega aukinn kostnaður vill oft einkenna aukin umsvif.

Samtökin hafa látið útbúa þrjú stutt myndbönd til að leggja áherslu á að fara varlega þó ástandið á vinnumakaðnum sé vissulega gott.

Myndböndin eru eftirtalín:

- [Verktakinn sem gleymdi að skrifa reikninginn](#)
- [Hvað kostar sluks og slök stjórnun](#)
- [Hvað kostar eftirvinnan](#)

*Í dag getur þú lagt grunninn að góðum morgundegi ..... í stað þess að eyða tímanum í að redda gærdeginum!*

### “ÁRÍÐANDI”

*Í lögum um mannvirki er gerð krafa um að iðnmeistarar og byggingarstjórar geri með sér samning.*

*Margir hafa haldið að um hefðbundinn verksamning sé að ræða.*

*En svo er ekki, því það er ekki sjálfgefið að iðnmeistari hafi fjárhagslega aðkomu að tilteknum verkum.*

*Iðnmeistarinn hvort sem hann er jafnframt verktaki eða ekki þarf hinsvegar að hafa mikil og góð samskipti við byggingarstjóra.*

*Þess vegna þurfa þessir aðilar að gera með sér samning um væntanleg samskipti í leyfisskyldum verkum.*

*Á vef SI er að finna hljóðglæru sem leiðbeinir í þessum efnum.*

[Smellið hér til að horfa.](#)

## Nytsamlegt tölvunámskeið

Krafan um að iðnmeistarar, byggingarstjórar, hönnuðir og hönnunarstjórar komi sér upp gæðastjórnunarkerfi gerir það að verkum að margir hafa fundið hjá sér þörf til að ríffa upp og bæta eigin tölvufærni.

Í samvinnu við IÐUNNA fræðslusetur hafa SI útbúið tölvunámskeið sem er til þess fallið að einfalda og auðvelda tölvunotkun og auka færni og sjálfsöryggi þátttakenda. Á námskeiðinu er lögð áhersla á grunnatriði og flýtleiðir í windows 10.

Nánari lýsingu á námskeiðinu má sjá hér en [skráning](#) er hjá IÐUNNI fræðslusetur.